

## MENNTAVÍSINDASVIÐ

---

Reglur um mat á fyrra námi

### I. Almennt

Hafi stúdent sem hefur nám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands stundað annað sambærilegt og jafngilt háskólanám áður getur hann sótt um að fá það nám metið sem ígildi hluta náms á Menntavísindasviði. Umsækjendur um mat á fyrra námi (sem m.a. getur falið í sér undanþágur frá tilteknum námskeiðum) geta ekki gengið út frá því að fallist verði á umsóknina og er því bent á að sækja námið eins og mat hafi ekki farið fram þar til annað kemur í ljós.

Umsóknir um mat á fyrra námi eru teknar fyrir þrisvar sinnum á ári.

- Umsóknir sem berast fyrir 10. ágúst eru að jafnaði afgreiddar áður en endurskoðun skráninga á haustmisseri lýkur.
- Umsóknir sem berast fyrir 1. desember eru að jafnaði afgreiddar áður en endurskoðun skráninga á vormisseri lýkur.
- Umsóknir sem berast fyrir 1. apríl eru að jafnaði afgreiddar fyrir 10. maí.

### II. Mat á vegum deilda

Hver deild ber ábyrgð á mati á fyrra námi í samstarfi við kennsluskrifstofu. Þeir aðilar sem deild tilnefnir til að sinna matinu hverju sinni mynda matsnefnd. Til að stuðla að samræmi milli deilda byggist matið á viðmiðum sem koma fram í V. kafla í reglum þessum. Kennsluskrifstofa tekur á mótí umsóknum og gengur formlega frá niðurstöðum matsnefnda.

### III. Frágangur umsókna

Til að matsnefnd geti afgreitt umsókn um mat á fyrra háskólanámi þarf umsókn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Stúdent skal tilgreina hvaða námi hann hyggst ljúka á Menntavísindasviði.

Stúdent skal tilgreina þau námskeið á Menntavísindasviði sem hann telur fyrra háskólanám sitt jafngilda.

Stúdent skal tilgreina hvaða námskeiðum hann lauk í fyrra námi sínu sem hann óskar eftir að fá metin. Fram komi heiti námskeiða, einingafjöldi (ECTS) og námsstig, þ.e. hvort um grunn- eða framhaldsnám er að ræða.

Umsókn skal fylgja námsferilsyfirlit stimplað og undirritað af viðkomandi stofnun og lýsing á námskeiðum.

Í umsókn skal koma fram hvort áður hefur verið sótt um mat á sömu námsþáttum við Háskóla Íslands eða aðra skóla. Úrskurður fyrra mats þarf að fylgja umsókn.

Umsækjendur bera ábyrgð á því að allar ofangreindar upplýsingar komi fram í umsókn svo að hægt sé að afgreiða hana. Sé umsókn ekki fullnægjandi verður hún ekki afgreidd.

#### **IV. Afgreiðsla umsókna**

Matsnefnd hverrar deildar afgreiðir umsóknir með hliðsjón af viðmiðum í V. kafla í reglum þessum og í samráði við formenn viðkomandi námsbrauta eftir því sem við á. Leitað er umsagnar kennara á því sviði sem um er að ræða, ef með þarf.

Að Afgreiðslu lokinni fær stúdent tilkynningu í tölvupósti um niðurstöðu mats og afrit er sent Nemendaskrá til skráningar. Bæði umsókn og niðurstaða matsins er vistað við námsferil stúdents.

#### **V. Viðmið um mat**

##### **Almenn ákvæði**

Við mat á fyrra námi skal leitast við að meta námskeið á hverju sviði sem ígildi sambærilegra og jafngildra námskeiða í fyrirhuguðu námi við Menntavísindasvið jafnvel þótt innihald námskeiðanna sé ekki að öllu leyti hið sama.

Hafi stúdent verið veitt prófgráða frá Kennaraháskóla Íslands eða fyrirrennurum hans er heimilt að meta nám hans í heild óháð því hvaða námskeiðum var lokið.

Nemandi sem óskar eftir að hefja nám að nýju, eftir að hafa hætt námi um tíma, skal hefja nám samkvæmt því námsskipulagi sem gildir þegar hann hefur nám að nýju og skal liggja fyrir, af hálfu deildar, tillaga um það hvort og með hvaða hætti eldri námskeið eru látin gilda á nýjum ferli.

##### **Takmarkanir á mati**

Almennt gildir að annað nám en formlegt háskólanám er ekki heimilt að meta.

Lokaverkefni til prófgráðu er ekki heimilt að meta.

Sú meginregla gildir að til að ljúka prófgráðu frá Menntavísindasviði þarf helmingur námsins að vera stundaður við sviðið. Jafnframt má gera þá kröfu að a.m.k. helmingur einstakra þátta náms, t.d. á kjörsviðum á hverri námsleið, sé stundaður við sviðið.

Vettvangsnám er að jafnaði ekki metið.

Nemendur sem hefja meistaranám við Menntavísindasvið geta einungis fengið metin námskeið sem þeir hafa lokið á meistarástigi við viðurkenndar háskólastofnanir.

Hafi nemandi lokið meistaranámi en kys að ljúka annarri meistarástigi, sem skarast efnislega við hina fyrri, þarf hann að ljúka a.m.k. 60 ECTS einingum beinlínis vegna þeirrar síðarnefndu.

Almennt er fyrra nám ekki metið séu liðin 10 ár eða meira frá því náminu lauk. Þó er heimilt að víkja frá reglunni um fyrningu náms ef fyrra nám var umfangsmikið og heildstætt og lauk með prófgráðu.

Matsnefnd er aðeins heimilt að meta heil námskeið úr fyrra námi í stað heilla námskeiða.

Ekki er heimilt að meta námskeið sem lokið hefur verið með einkunn undir 6.

Almennt gildir sú regla að þeir sem lokið hafa þriggja ára námi frá Kennaraskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands fá að hámarki 150 ECTS einingar metnar. Þeir sem lokið hafa tveggja ára námi frá Íþróttakennaraskóla Íslands fá að hámarki 120 ECTS einingar metnar. Nemendur sem lokið hafa námi frá ofantöldum skólum og taka 30 eða 60 ECTS eininga viðbótarnám til bakkalárgráðu frá deildum Menntavísindasviðs geta ekki fengið hluta af því metinn.

Samþykkt, maí 2021